

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.
Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Helgason, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Kjartani Erni Sigurbjörnssyni, kr. 20.000 í skaðabætur með 19% ársvöxtum frá 3. október 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1985.

Nr. 257/1985. **Eigandi Skálholts í Biskupstungnahreppi**
gegn
eigendum Hamra í Grímsnesi

Kærumál. Frávísun. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dags. 28. október 1985, sem barst Hæstarétti 21. nóvember 1985. Krefst hann þess „að úrskurði aukadómþingsins verði hrundið og framangreind dómkvaðning fari fram.“

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 9. október 1985. Hvorki aðiljar né umboðsmenn þeirra voru viðstaddir uppsögu hans. Samkvæmt kærubréfi umboðsmanns sóknaraðilja voru málsúrslit úrskurðarins kunngerð honum símileiðis 11. október 1985, og hann tjáði dómaranum þegar í stað, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Endurrit úrskurðarins hafði eigi borist honum, er hann sendi

kærubréfið, sem dagsett er 28. október 1985. Ekki kemur fram í gögnum málsins, hvenær kærán barst héraðsdómara.

Umboðsmaður sóknaraðilja fékk samkvæmt framansögðu vitneskju um hinn kærða úrskurð 11. október 1985. Kærufrestur samkvæmt 22. gr. laga nr. 75/1973 var því liðinn, er umboðsmaður sóknaraðiljans sendi héraðsdómara kæru sína, en munnleg tilkynning umboðsmannsins til héraðsdómara var ekki fullnægjandi, sbr. 22. og 23. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu ex officio frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður aukadómþings Árnæssýslu 9. október 1985.

Með bréfi, dags. 22. júlí 1985, til sýslumannsins í Árnæssýslu óskaði Haraldur Blöndal hrl. þess, að dómkvaddir yrðu matsmenn skv. 6. gr. vatnalaga nr. 15., 20. júní 1923 til að ákveða og setja merki milli landareigna Skálholts og Hamra, en Brúará skilur lönd þessi.

Beiðni þessi var tekin fyrir í aukadómþinginu þ. 12. september sl., og sóttu þá þing matsbeiðandi, Haraldur Blöndal hrl. og Páll A. Pálsson hrl. f.h. eigenda jarðarinnar Hamra í Grímsnesi, og mótmælti hann því, að umbeðin dómkvaðning færi fram.

Í landamerkjadómi Árnæssýslu er rekið mál á milli eigenda jarðarinnar Hamra í Grímsnesi og eigenda jarðarinnar Skálholts í Biskupstungnahreppi um m.a. landamerki nefndra jarða.

Matsbeiðandi, Haraldur Blöndal hrl., fer með landamerkjamálið f.h. eigenda Skálholts og kveður ástæðu matsbeiðni þessarar m.a. vera athugasemd, er fram kom hjá einum dómara í Hæstarétti, er landamerkjamálið var flutt þar, en með dómi Hæstaréttar þ. 21.10. 1982 var raálinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Þá kveðst lögmaðurinn telja, að ákvæði 6. gr. vatnalaga beri að skilja svo, að rétt sé, að mat skv. þeirri grein liggi fyrir, áður en dómur gangi um mörk nefndra jarða.

Af hálfu eigenda Hamra er því haldið fram, að þar sem urrætt landamerkjamál sé rekið hér fyrir dómi, sé ekki hægt að fá dómkvadda matsmenn til að meta það, sem rétturinn er að fjalla um, sbr. reglur um litispendes áhrif. Þá er bent á, að í nefndu máli liggi fyrir mat dómkvaddra manna á ósamörkum í Brúará og með því sé búið að leysa úr því, hvar mörkin séu milli jarðanna. Þá kveðst hann líta svo á, að ákvæði 6. gr.

vatnalaga eigi ekki við, þegar deila um merki er komin fyrir dómstóla, sbr. 2. mgr. 6. gr. vatnalaga, þar sem gert er ráð fyrir, að matsgerð sé þinglýst, en það verði naumast gert nema enginn ágreiningur sé um mörkin.

Svo sem að framan greinir, fer Haraldur Blöndal hrl. með landamerkmál Skálholts og Hamra f.h. eiganda Skálholts, en með afsali, dagsettu 21. júlí 1963, afhenti dóms- og kirkjumálaráðherra f.h. ríkissjóðs þjóðkirkju Íslands jörðina Skálholt ásamt mannvirkjum og lausafé til eignar og umsjónar skv. heimild í lögum nr. 32/1936. Telja verður, að matsbeiðni sé sett fram f.h. eiganda Skálholts, enda þótt það komi ekki skýrlega fram í skriflegum gögnum málsins, en af munnlegum flutningi þ. 12. september sl. þykir ljóst að svo er, enda þótt það væri ekki bókað sérstaklega í þingbók.

6. gr. vatnalaga hljóðar svo:

„1. Rétt þykir að matsmenn ákveði og setji merki milli landareigna, að því leyti sem merki fara eftir ákvæðum 3.-5. gr.

2. Þinglýsa skal matsgerð samkvæmt 1. lið og bóka í landamerkjabók sem aðrar landamerkjaheimildir.“

Eins og að framan greinir, er rekið fyrir landamerkjadómi mál um landamerki jarðanna Skálholts og Hamra. Mál þetta hefur þegar dregist óháðlega lengi og ekki enn komin fram skýr kröfugerð af hálfu varnaraðilja, eiganda Skálholts. Dómkvaðning matsmanna nú er til þess fallin að draga málið enn frekar á langinn, enda verður ekki litið svo á, að það sé skilyrði fyrir því, að dómur gangi um landamerkin, að mat skv. 6. gr. vatnalaga fari fram. Þegar auk þessa litið er til þess, að umrætt landamerkmál hefur verið til meðferðar fyrir dómstólum frá 21. apríl 1976 og matsbeiðandi því haft ærinn tíma og tækifæri til þess að biðja um mat þetta, þykir gegn eindregnum mótmælum eigenda Hamra gegn dómkvaðningunni verða að synja um hana.

EKKI hefur verið gerð krafa um málskostnað.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan, en uppsaga hans hefur dregist vegna náms- og kynnisferða dómara til Skotlands 28. september til 8. október sl.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er um dómkvaðningu matsmanna.